

Skólaráð

Skólaráð 30.11 2011 kl. 8:15

19. fundur

Mættir: María Pálmadóttir, skólastjóri, Mjöll Flosadóttir, fulltrúi foreldra, Vilhjálmur K. Haraldsson, fulltrúi foreldra, Selma Jónasdóttir, fulltrúi kennara, Ragnheiður Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfadóttir, fulltrúi annarra starfsmanna, Kristófer Óttar Úlfarssons, fulltrúi nemenda, Vilborg Harðardóttir, fulltrúi nemenda og Pálmar Sigurðsson fulltrúi grenndarsamfélags.

1. Reglugerð um ábyrgð og skyldur.

Skólastjóri kynnti reglugerð um ábyrgð og skyldur. Almennt var fólk ánægt með þær breytingar sem reglugerðin hefur í för með sér og skerpt er á ýmsum þáttum sem varða ábyrgðarsvið hvers og eins. Einnig ræddum við hvernig reglugerðin félli að okkar starfi en ýmsir verkferlar sem þegar eru til staðar virðast falla að þeim fyrirmælum sem fram koma í reglugerðinni. Reglugerðin verður kynnt starfsfólki og einnig foreldrum.

2. Húsnæði og aðbúnaður.

Undir þessum lið kom umsjónarmaður skólahúsnæðis á fundinn. Rætt var m.a. verksvið umsjónarmanns sem er orðið mjög víðfeðmt eftir að þeim byggingum var fjölgað sem hver og einn umsjónarmaður hefur á sinni könnu. Húsverðir hafa því viðtækt starfsvið og ná ekki að sinna öllum verkefnum sem til falla.

Eftirfarandi var rætt undir þessum lið:

Ástand húsnæðis:

- Tröppur og útilóðin þarfnast lagfæringar.
- Hellur eru farnar að ganga til á skólalóð og þarfnast lagfæringar.
- Meiri lýsingar er þörf á skólalóð. Hitaveita Suðurnesja hefur séð um lýsingu á lóðum en þeim samningi hefur verið sagt upp. Bærinn mun taka það yfir frá áramótum. Umsjónarmaður hefur gert athugasemdir við lýsinguna.
- Þarf að lagfæra lamir á útidyrhurðum. Þær ganga til því ekki er nógu gott hald í lómum og skrúfum til að halda hurðum á sínum stað. Hurðir eru einnig óþéttar. Skipta þarf um suma karma.
- Umsjónarmaður sótti um að unglingadeildin væri máluð og það var sett inn í fjárhagsáætlun.

Mjög kalt hefur verið í skólahúsnæðinu undanfarna vetur og nú er ástandið alvarlegt og nánast ókennsluhæft í vissum rýmum. Þetta veldur starfsfólki og nemendum miklum óþægindum. Umsjónarmaður og skólastjóri áttu fund með forsvarsmönnum fasteignafélags og gerðu þeim grein fyrir málum í október og lofað var fjármagni til framkvæmda. Ekki hefur þó enn verið ráðist í framkvæmdir. Ákveðið að skrifa bréf til yfirvalda ef ekki verður gengið í lagfæringar.

Loftræstikerfið og hitamál:

- Erfitt er að halda uppi eðlilegu hitastigi í skólahúsinu. Skólahúsnæðið mjög kalt og sumar kennslustofur einnig. Það veldur miklum óþægindum og áhyggjum.
- Gefið var loforð á fundi í október um fjármagn til endurbóta en ekki enn farið að sinna viðgerðum. Það stendur þó vonandi til bóta.

Skólaráð

- Gluggar víða orðnir óþéttir og erfitt að fá aukahluti í glugga.
- Kalt á sameiginlegum svæðum, t.d. í matsalnum.
- Þurfum blásara í salinn ef ekki fara fram úrbætur á hitakerfi.
- Búið er að skipta um allar loftsúur í kerfinu, það var gert í haust.
- Hurðir og hitakerfi eru forgangsverkefni.
- Einnig þarf víða að koma betra ástandi á ofnakerfi skólans.

3. Önnur mál.

- Naumur tími til að fara í og úr sundi. Krökkunum sagt að drífa sig og hafa ekki tíma eftir sund. Talað verður við starfsfólk í laug og beðið um að taka tillit til þess að krakkarnir hafi nægan tíma eftir sundferðir.
- Fulltrúar foreldra spyrja hvernig nýtt tímaskipulag reynist. Að okkar mati reynist það vel og tími þeirra kennara sem kenna á fleiri skólastigum nýtist betur. Skipulag í hádegi gengur vel þrátt fyrir styttra matarhlé.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 9:30.

María Pálmadóttir ritaði fundagerð.